



Til: sigurdur@sfk.is

Efni: Re: Fw: Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar tillaga um breytingu á Vestdalseyri skipulagslýs
Beiðni um umsögn.

Upplýsingar:

Sent: 03/10/2016 15:48:07 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2016090018, Bréfalyklar: 42-8
um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

Tilvísun í mál: 2016090018

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 um breytta landnotkun á Vestdalseyri. Fyrirhugað er að breyta hluta svæðisins, sem er hverfisverndað og skilgreint sem opið svæði/útivistarsvæði, í verslunar og þjónustusvæði. Jafnframt kemur fram að þar geti orðið einhver íbúabyggð. Í lýsingunni kemur fram að „Um er að ræða svæðið báðum megin ár frá víkinni innan við eyrina og út að Grýtá og upp að fyrsta klettabelti ofan við eyrina.“ Svæðið er hluti af stóru svæði nr. 607 á náttúruminjaskrá. Fram kemur að engar veitur eru á svæðinu og að Farice strengurinn kemur á land innan þess.

Eins og er liggja ekki fyrir neinar beinar skipulagstillögur og með erindinu fylgdu ekki úttektir á menningarmínum eða náttúrufari m.t.t. væntanlegs skipulags og því erfitt að dæma um hugsanlegt umfang og áhrif skipulagsins. Miklar menningarmínjar eru á eyrinni og nágrenni hennar og því ljóst að gæta þarf að þeim komi til uppbyggingar. Af innsendri lýsingu að dæma er horft til þess að endurskapa að hluta eða einhverju leiti þorpið á Eyrinni, a.m.k. Gránufélagshúsið.

Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera beinar athugasemdir við hugmyndina sem slíka á þessu stigi málsins en bendir á, eins og hefur komið fram, að Vestdalseyri er tiltölulega langt frá sjáflum kaupstaðnum, svæðið er hverfisverndað sem útivistarsvæði, menningarmínjar eru þar miklar bæði ýmsar mannvirkjámínjar en einnig búsetulandslag fyrri tíma. Engar veitur eru á svæðinu og því verður væntanlega ýmislegt rask þeirra vegna verði af uppbyggingu. Fyllsta ástæða til að hvetja sveitarfélagið til að fara varlega og taka fullt tillit til landslags, menningarmínja og náttúru svæðisins í heild og byggja skipulagið á góðum grunni úttekta á þessum þáttum. Vel hefur tekist til við að endurnýja mörg gömul hús á Seyðisfirði og fyllsta ástæða til að viðhalda þeirri hefð.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
Forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 19.09.2016 09:29:11
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar tillaga um breytingu á Vestdalseyri skipulagslýsing, Beiðni um umsögn.

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 19.09.2016 09:28 -----

From: Sigurður Jónsson <sigurdur@sfk.is>
To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>, "vegagerdin@vegagerdin.is" <vegagerdin@vegagerdin.is>, 'Helga Hreinsdóttir (haust@haust.is)' <haust@haust.is>, "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>, Veðurstofan umsagnir <skrifstofa@vedur.is>, "thuridur@minjastofnun.is" <thuridur@minjastofnun.is>, "ni@ni.is" <ni@ni.is>, 'Minjastofnun Íslands'

<postur@minjastofnun.is>, "rarik@rarik.is" <rarik@rarik.is>, "mila@mila.is" <mila@mila.is>, "farice@farice.is" <farice@farice.is>

Date: 16.09.2016 16:01

Subject: Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar tillaga um breytingu á Vestdalseyri skipulagslýsing, Beiðni um umsögn.

Góðan daginn

Sendi meðfylgjandi, til umsagnar lýsingu skipulagsáforma vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010 – 2030. Tillagan er um breytta landnotkun á Vestdalseyri.

Óskað er eftir að umsagnir berist fyrir 3. október næstkomandi.

Með bestu kveðju

Sigurður Jónsson

Byggingarfulltrúi Seyðisfirði

Hafnargata 44, 710 Seyðisfirði

Sími 470 2303, Bréfsími 472 1588, sigurdur@sfk.is



- Aðalskipulag Seyðisfjarðar breyting Vestdalseyri 2016 skipulagslýsing-v3.pdf